

2005 nr. 85 24. maí**Lög um verndun Þingvallavatns og vatnsviðs þess**

Tóku gildi 9. júní 2005. Breytt með l. 58/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 60/2013 (tóku gildi 15. nóv. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við umhverfis- og auðlindaráðherra eða umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnsviðs þess.

■ 2. gr.

□ Landsvæði innan eftirgreindra marka og Þingvallavatn skulu vera sérstakt vatnsverndarsvæði, verndarsvæði Þingvallavatns: Að sunnan eru mörkin úr Stapa við Úlfjótuvatn (markapunktur jarðanna Kaldárhöfða og Efribrúar) þvert yfir vatnið í Sauðatanga, þaðan bein lína í hornpunkt jarðanna Úlfjótuvatns og Hlíðar efst í Baulugili (við Þrívörðuflatir). Þaðan ráða mörk þeirra jarða að hreppamörkum Grímsnes- og Grafningshrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss. Þaðan ráða hreppamörk í hápunkt Skeggja (markapunktur jarðanna Nesjavalla og Nesja) og þaðan bein lína í markapunkt við Sæluhúsatótt (á sýslumörkum Kjósarsýslu og Árnassýslu). Þaðan ræður lína í eystri enda Mjóavatns og áfram í markapunkt jarðarinnar Skálabrekku við Hádegisholt. Síðan ráða mörk jarðanna Skálabrekku og Kárastaða í sýslumörk Árnassýslu og Kjósarsýslu. Sýslumörk ráða allt norður að hreppamörkum fyrrum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps á Langjökli. Þaðan ræður lína í hápunkt Hagafells og þaðan í hápunkt Hlöðufells. Þaðan ræður bein lína í eystri Hrutatind (norðan Miðdalsfjalls), síðan í hápunkt Ása og þaðan bein lína í há- Fagradalsfjall á mörkum jarðanna Snorrastaða og Laugarvatns. Þaðan ræður bein lína í hornpunkt jarðarinnar Laugarvatns sunnan megin (á Markahrygg) og síðan ráða mörk þeirrar jarðar og hreppamörk fyrrum Laugardalshrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps á Biskupsbrekkum. Þaðan liggja mörkin í há-Þrasaborgir. Þaðan ráða mörk jarðarinnar Kaldárhöfða í Stapa við Úlfjótuvatn, sbr. kort í fylgiskjali með lögum þessum sem sýnir mörk verndarsvæðis Þingvallavatns.

□ Um vatnsverndun innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eins og mörk hans eru ákvæðin í lögum gilda ákvæði laga um þjóðgarðinn.

■ 3. gr.

□ Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. [Ráðherra]¹⁾ setur að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og [það ráðuneyti er fer með jarðrænar auðlindir]¹⁾ nánari reglur²⁾ um framkvæmd vatnsverndunarinnar, þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og

ræktunarframkvæmdir, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna.

□ Sveitarstjórn er heimilt að binda byggingar- og framkvæmdaleyfi sem hún gefur út á grundvelli [skipulagslaga og laga um mannvirki]³⁾ skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins enda séu skilyrðin í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli 1. mgr.

□ Vatnsverndun á landinu skal ekki standa því í vegi að landeigendur, ábúendur og aðrir sem þar eiga nytjarétt geti haft hefðbundin beitar- og búskaparafnot af nytjalandi sínu nema [ráðherra]¹⁾ telji að sú notkun leiði til þess að vatni á svæðinu verði spillt. Getur ráðherra þá ákveðið takmarkanir á nytjarétti innan verndarsvæðisins. Slíkar ákvarðanir skal birta í Stjórnartíðindum.

¹⁾ L. 126/2011, 409. gr. ²⁾ Rg. 650/2006, sbr. 449/2009. ³⁾ L. 123/2010, 57. gr.

■ 4. gr.

□ Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur²⁾ um framkvæmd verndunarinnar, þar með talið um breytingar á vatnshæð og takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Telji ráðherra að slík losun í Þingvallavatn samrýmist ekki verndun vatnsins getur hann bannað hana. Ákvarðanir þessar skal ráðherra taka að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, Þingvallanefnd að því er varðar þjóðgarðinn á Þingvöllum og [það ráðuneyti er fer með jarðrænar auðlindir]¹⁾.

□ Óheimilt er að stunda fiskeldi í eða við Þingvallavatn. Þrátt fyrir ákvæði laga um [fiskrækt]³⁾ er óheimilt án leyfis [ráðherra]¹⁾ að stunda fiskrækt í eða við Þingvallavatn.

¹⁾ L. 126/2011, 409. gr. ²⁾ Rg. 650/2006, sbr. 449/2009. ³⁾ L. 58/2006, 15. gr.

■ 5. gr.

□ Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

□ Beita má dagsektum sem renna í ríkissjóð, að lágmarki 50.000 kr. og að hámarki 100.000 kr., til að knýja menn til ráðstafana sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Jafnframt má beita fyrrnefndum dagsektum til að knýja menn til að láta af atferli sem brýtur í bága við lög þessi og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim.

■ 6. gr.

□ [Um heimild til eignarnáms á verndarsvæði samkvæmt lögum þessum og sölu jarðar sem er á náttúruminjaskrá fer skv. 5. mgr. 37. gr. og 43. gr. laga um náttúruvernd.]¹⁾

¹⁾ L. 60/2013, 95. gr.

■ 7. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal. . . .¹⁾

¹⁾ Sjá Sjttíð. A 2005, bls. 407.